

fremur iðgjald til Guðmundar Ísleifssonar á Stóruháeyri 6 kr. 50 a. — Hjeraðsdómarinn Stefán Bjarnarson, á að greiða 50 kr. sekt, er renni í fátækra sjóð Stokkseyrarhrepps.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans undir aðför að lögum.

Mánudagin 30. aprílmán.

Nr. 15/1883.

Hið opinbera

gegn

Benedikt Grímssyni

Dómur

Með úrskurði amtmannsins í norður- og austur-
amtinu, dagsettum 14. nóvember 1881, voru þau
Benedikt Grímsson, þá á Skipalóni, og María Guð-
jónsdóttir, þá lausakona á sama bæ, sem eptir skýrslu
hlutaðeigandi prests lifðu í hneykslanlegri sambúð,
áminnt samkvæmt 179. gr. hegningarlaganna um að
slíta þessari sambúð þegar í stað, og var þeim
bannað að dvelja í sömu sókn, þar að auki var
þeim bent á, að ef þau ekki hlýðnuðust þessari á-
minning, mættu þau búast við að sæta lögsókn og
hegningu samkvæmt tjeðri lagagrein, þessi amts-
úrskurður var birtur Benedikt og Maríu á heimili
þeirra 3. desember s. á., og fjekk Benedikt sjer þá
heimili á Vindheimum til þess að hlýðnast úrskurð-
inum. Um vorið eptir virðist María Guðjónsdóttir
hafa farið að búa á Stóra — Dunhaga, en um sum-
arið lagðist hún með 3 börnum sínum, sem hún
átti með Benedikt, í mislingum, og er svo að sjá á
prófunum, sem hún hafi verið veik allt sumarið.

Með því að enginn var til að hjúkra Maríu og börnum hennar í veikindum þeirra eða veita þeim neina aðstoð, fór Benedikt, er áleit sjer skylt að sjá um börn sín, að Stóra — Dunhaga til þess að annast þau og barnsmóður sína í veikindum þeirra, og var þar allt sumarið, og heyjaði fyrir hana og sá um aðdrætti til vetrarins. — Útaf þessari veru Benedikts sumarið 1882 á Stóra — Dunhaga, heimili barnsmóður sinnar, var höfðað mál gegn honum af hálfu hins opinbera fyrir brot gegn 179. gr. hegningarlagna, og var hann dæmdur fyrir lögreglurjetti Eyjafjarðarsýslu 18. nóvember f. á. í 8 daga einfalt fangelsi, en þeim dómi er bæði eptir ósk hins ákærða og af hálfu hins opinbera áfrýjað til yfirdómsins. —

Að visu er mál þetta, sem eptir eðli sínu er sakamál, rekið og dæmt fyrir lögreglurjetti; en með því að undirdómarinn að öllu öðru leyti hefur farið með það sem sakamál, virðist mega komast hjá að dæma undirdóminn og meðferð þess í hjerði ómerkt. —

En að því er til að aðalefnisins kemur, þá fær yfirdómurinn ekki sjeð, að hinn ákærði hafi með veru sinni á Stóra — Dunhaga sumarið og haustið 1882 orðið brotlegur gegn 179. gr. hegningarlagna, því í tjeðri grein er lögð hegning við, ef karlmaður og kvennmaður halda áfram hneykslanlegri sambúð, þó yfirvöldin hafi áminnt þau um að að skilja, en undir rannsókn máls þessa er ekkert fram komið, er gefi grun um, að sambúð hins ákærða og barnsmóður hans sumarið og haustið 1882 hafi verið hneykslanleg, og ber því að dæma hinn

ákærða sýknan af ákærum sóknarans í þessu máli, og allur löglegur kostnaður af því, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra, að greiðast úr opinberum sjóði.

Málið hefur í hjerði verið rekið með tilhlýðilegum hraða, og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, Benedikt Grímsson, á að vera sýkn af ákærum sóknarans í þessu máli. Allur af málinu löglega leiðandi kostnaður, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Páls Melsteðs og Þorsteins Jónssonar, 10 kr. til hvors, greiðist úr opinberum sjóði.

Nr. 19/1882.

Ólafur umboðsmaður
Sigurðsson á Ási
gegn
Sigfúsi Pjetursyni
á Hellulandi.

D ó m u r :

Með dómi, kveðnum upp fyrir aukarjetti Skagafjarðarsýslu 12. júlí f. á., er Ólafur umboðsmaður Sigurðsson í Ási skyldaður til að gefa Sigfúsi Pjetursyni á Hellulandi afsalsbrjef fyrir hálfri jörðinni Hellulandi með öllu tilheyrandi samkvæmt kaupbrjefi 27. marz 1872, að viðlagði 10 kr. sekt fyrir